

# Að skipta jafnt

Þessi verkefni snúast öll um að skipta jafnt á milli.

Rauðhetta tíndi 12 blóm í skóginum.

Hún skipti þeim jafnt á milli mömmu sinnar og ömmu sinnar.

Hvað fékk hvor þeirra mörg blóm?



Ingibjörg kennari á þrjár stelpur.

Hún skipti 9 karamellum jafnt á milli þeirra.

Hvað fékk hver stelpa margar karamellur?



Jóna bakaði 18 kleinuhringi.

Hún skipti þeim jafnt á milli strákanna sinna sem heita Birkir og Aðalsteinn.


Hvað fékk hvor strákur margna kleinuhringi?



Í íþróttatíma eru 22 krakkar sem áttu að fara í brennibolta.

Svandís skipti krökkunum í tvö lið.

Hvað eru margir krakkar í hvoru liði?



Pabbi keypti 24 hlaupkarla og skipti þeim jafnt á milli barnanna sinna sem heita Jón og Sigga.

Hvað fékk hvort barn marga hlaupkarla?



María bakaði 18 snúða.

Hún skipti þeim jafnt á milli barnanna sinna sem heita Einar, Ingvar og Stefanía.

Hvað fékk hvert barn marga snúða?



Birna keypti 16 blýanta í búðinni.

Hún skipti þeim jafnt á milli 4 barna sem hún á.

Hvað fékk hvert barn marga blýanta?



Ípróttaálfurinn átti 15 mandarínur sem hann skipti á milli Sollu stirðu, Höllu hrekkjusvíns og Nenna níska.

Hvað fékk hvert barn margar mandarínur?

